

Reykjavík, 3. júní 2021

Efni: Skammtímalausn við Hof fyrir biðstöðu almenningsvagna í landsbyggða akstri

Þann 2. júní sl. áttu Samtök ferðaþjónustunnar ásamt Gunnari M. Guðmundssyni framkvæmdastjóra SBA og fulltrúa hópþreifreiðanefndar SAF, fund með Pétri Inga Haraldssyni sviðstjóra skipulagssviðs Akureyrarbæjar. Á fundinum var m.a. rætt um biðstöður almenningsvagna í landsbyggðaakstri og mikilvægi þess að athafnasvæði slíkra stæða mæti kröfum um umferðaröryggi og aðgengi farþega.

Á fundinum ræddu aðilar um umhverfi almenningsvagna í landsbyggða akstri til að taka á móti farþegum á Akureyri. Á neðangreindri mynd sést merkt með rauðu hvar almenningsvagnarnir þurfa að taka upp farþega í dag. Farangursrýmið er opnað út í götu sem skapar mikla hættu fyrir umferð á svæðinu, fyrir bílstjóra og farþega.

SAF leggja því til að bæjarstjórn Akureyrar afgreiði því neðangreinda tillögu:

Lagt er til að bæjarstjórn Akureyrarbæjar heimili almenningsvögnum í landsbyggða akstri að taka upp farþega á svæðinu sem er merkt blátt á myndinni. Það skapar litla sem enga hættu. Ökutækin eru ekki fyrir neinum og því er auðvelt að hlaða farangri í ökutækið og taka á móti farþegum.



Virðingarfyllst

F.h. Samtaka ferðaþjónustunnar

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Baldur Sigmundsson'.

Baldur Sigmundsson, lögfræðingur

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Gunnar Valur Sveinsson'.

Gunnar Valur Sveinsson, verkefnastjóri